

AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 3. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. janúar 1941 og nr. 73 13. maí 1942.

Vörugjald af ísvörðum fiski og hraðfrystum fiski skal vera 2 kr. af hverjum 100 kg, þar til öðruvísi kynni að verða ákveðið, þó ekki lengur en til ársloka 1947.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. maí 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð skipstjóra- og stýri- 100
mannafélagsins Hafþór, Akranesi,“ útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- 5. júní
málaráðherra 5. júní 1947.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir styrktarsjóð skipstjóra- og stýrimannafélagsins Hafþór á Akranesi.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af tillögum frá skipstjórum og stýrimönnum þeim, sem eru í skipstjóra- og stýrimannafélaginu Hafþór á Akranesi. Og var, er hann var stofnaður í nóvember 1943, kr. 3600.00.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja meðlimi Hafþórs, þegar þeir verða hjálparþurfi, sem og ekkjur þeirra og börn.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru $\frac{1}{4}$ af árstíllögum félagsmanna í Hafþór, ársvextir af höfuðstól og frjálsar gjafir.

4. gr.

Stjórn félagsins Hafþórs hefur á hendi stjórn sjóðsins. Henni ber að sjá um, að höfuðstóll sjóðsins sé ávaxtaður með sömu tryggingu og fyrirskipað er fyrir láu- um af ómyndugra fé, sem og að tekjur sjóðsins séu lagðar við höfuðstólinn og ávaxt- aðar á sama hátt og hann, eins fljótt og því verður við komið, að því leyti, sem þeim er ekki varið til styrkveitinga samkv. 5. gr. Stjórn sjóðsins ber um hver áramót að gera reikning um fjárhag sjóðsins fyrir síðastliðið ár, og skal sá reikningur endur- skoðaður og úrskurðaður á aðalfundi Hafþórs.